

## Skólaráðsfundur nr.2

**Dagsetning 04.02.21 kl. 18:00**

**Viðstaddir:** Sesselja Kristinsdóttir, Berglind Axelsdóttir, Sigfús Magnússon, Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Bjarni Þormar, Oliwia Aleksandra Lukasik, Amanda Bríet Bergþórsdóttir, Klaudia Gunnarsdóttir, Helga Guðmundsdóttir. Friðjón Ingi var fjarverandi.

### **Dagskrá:**

1. Skóladagatal 2021-2022 drög
  - a. Skóladagatalið var kynnt og óskað var eftir athugasemdum áður en lengra er haldið með þá vinnu. Eftir er að setjast niður með öðrum skólastjórum til þess að skipuleggja skiplagsdaga. Einhver umræða skapaðist um hvort það væri jákvætt eða neikvætt að vera með sameginlega daga með leikskóla.
2. Staðan á skólanámskrárvinnu
  - a. Berglind kynnti þá vinnu sem hefur átt sér stað í skólanámskránni. Hún hefur verið í mikilli þróun í vetur og er langt komin. Enn er þó eftir að klára þá vinnu og mun ekki vera búin fyrir ytra matið en þar er gerð krafa á að vera með skólanámskrá.
3. Skólastefna – endurskoðun
  - a. Á fundi með skólanefnd var rætt að skólastefnan væri að renna út og komin þörf á að gera endurskoðun á henni. Í þá námskrá var lögð mikil vinna og þarf að fara í þá vinnu að skoða hvað hefur verið gert og hvað á eftir að gera. Ákveðið var á nefndarfundi að framlengja gömlu stefnuna til 2023 og er þá nægur tími til að vinna nýja námskrá. Engin umfjöllun var um þetta mál.
4. Ytra matið
  - a. Berglind lét vita af því að það yrði annar fundur í næstu viku með Ytra matinu. Þær eru að vinna að innra mati og skoða það sem þarf

að laga í skólanum. Sú vinna verður á öllum sviðum skólans og verður mikið um fundi í næstu viku með flestum starfsmönnum og nemendum.

**5. Skólareglur**

- a.** Það er kominn tími á að endurskoða skólareglur og vill Berglind byrja á að fá hugmyndir frá nemendum og hvernig þau vilja vinna reglurnar. Bjarni og Oliwia voru sammála því og þættu gaman að taka þátt í þeirri vinnu.

**6. Önnur mál**

- a.** Ekkert fleira rætt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30